



KENNSLUÁÆTLUN

2016-2017

Efnisinnihald

Hér er gerð grein fyrir helstu markmiðum og áqherslupáttum í áætluðu starfi Leikskóla Vesturbyggðar næsta skólaár

Leikskóli Vesturbyggðar
Hallveig Ingimarsdóttir

Námskrá/kennsluáætlun
Leikskóli Vesturbyggðar
2016- 2017

Umsjón Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir.













Efnisyfirlit

1.	Hugmyndafræðilegur grunnur – stefna, markmið og mat	4
2.	Markmið með námskránni eru:	5
1.1.	Leikskólanám er:.....	5
	Nám í leik	5
	Nám í daglegu lífi í leikskóla.....	5
	Nám í samskiptum	5
	Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun	5
	Einstaklingsnám	5
3.	Áherslupættir.....	6
	Námsefni:.....	6
4.	Samantekt um starfsemi deilda	6
5.	Ný viðfangsefni:	8
5.1.	Gjörhygli (mindfulness)	8
5.2.	Vináttuverkefni.....	8
	Umhverfisverkefni; Skóli á grænni grein og Grænfánaverkefni.....	8
	Umhverfisnefnd	8
	Lífsmenntarnefnd.....	9
6.	Deildir:	10
A).	Krókur	10
	Hópastarfstímar	10
	Hópar	10
B).	KOT	11
	Hópar.....	11
	Hópastarfstímar	11
C).	Klettur	12
	Hópar.....	12
	Dagskrá	12
D).	Tjarnarbrekka	12
	Hópar	13
	Hópastarfstímar	13
7.	Ferlið:	14
	Elstu nemendur:.....	15
	Krókur og miðhópur á Tjarnarbrekku	16
	Klettur og yngsti hópur á Tjarnarbrekku.....	16
	Mat og próf:	16
	Fylgiskjal 1. Til glöggvunar Efni frá Ísmennt fengið að láni.....	17

1. Hugmyndafræðilegur grunnur – stefna, markmið og mat

Eftirfarandi er haft er til hliðsjónar:

Lífsmennt - Values-based Education varð til í framhaldi af alþjóðlegu verkefni árið 1995 á 50 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið fólst í að beina athygli að 12 alþjóðlegum gildum undir yfirskriftinni „Deilum gildum okkar til að skapa betri heim“. Þemað sem tekið er úr formála stofnskrár Sameinuðu þjóðanna var: „Að endurvekja trú á grundvallarmannréttinum, á göfgi og gildi mannsins...“¹ Náms efnið býður upp á fjölbreytilegnviðfangsefni og hagnýta aðferðafræði fyrir kennara og aðstoðarfólk sem vilja hjálpa börnum og ungu fólki að uppgötva og þroska með sér tólf persónuleg og félagsleg lykilgildi:

-  Frið
-  Virðingu
-  Kærleika
-  Ábyrgð
-  Hamingju
-  Samvinnu
-  Heiðarleika
-  Auðmýkt
-  Umburðarlyndi
-  Einfaldleika
-  Einingu
-  Hugrekki er síðan viðbótargildi í tengslum við vináttuna

Starf leikskólans er byggt lífsgildunum. Allar deildir vinna með sama gildi á sama tíma og fylgjast að við að læra að þekkja þau og tileinka sér. Stuðst er við námsefni úr bókinni „Lífsmennt, viðfangsefni í lífsgildum fyrir börn 3 – 7 ára“ sem kom út árið 2005 í þýðingu Erlu Bjarkar S. Steinarsdóttir. Lífsmennt styðst við kenningar Howard Gardner.








Börn á leikskólaaldri eru afar opin fyrir námi, þau eru bæði virk og forvitin og gengur mjög vel að læra og tileinka sér við þær starfsaðferðir sem viðhafðar eru í leikskóla.

Virgni barnanna og áhugahvöt er sá grunnur sem námið í leikskólanum byggir á.

Þegar barninu líður vel á það auðveldara með að læra og tileinka sér.

¹ (Lífsmennt viðfangsefni í lífsgildum bls. IX)

2. Markmið með námskránni eru:

-  að skapa þær aðstæður að börnin fái tækifæri til að glíma við krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt verkefni miðað við aldur þeirra og þroska, hverju fyrir sig og /eða í hópi.
-  að þau fái að reyna sig við líf og starf.
-  að þau fái að njóta skólastarfs sem byggt er á faglegri þekkingu á því hvernig börn á leikskólaaldri læra og tileinka sér.
-  að þau fái tækifæri til að læra eins mikið og hægt er á hverjum tíma og eftir leiðum sem hæfa aldri þeirra og þroska.
-  að börnin takist á við nám sem byggt er á áhugahvöt og virkni
-  að gera leikskólastarf og nám sýnilegra og upplýsa um leið foreldra um hvað er verið að gera með börnunum hverju sinni.
-  að vera kennurum leikskólans leiðarvísir í starfi sínu.

1.1. Leikskólanám er:

Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna. Þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið.

Nám í daglegu lífi í leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er sífellt að læra við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að stuðla að námi barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu, úti sem inni.

Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sáttt og samlyndi.

Kennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að geta þróað með sér.

Skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra.

Kennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi.

Einstaklingsnám

Hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.










Kennarinn bregst við hverju einstöku barni, hvetur það og styður í þekkingarleit sinni.

3. Áherslupættir

Lífsmennt, læsi, heilbrigði og hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. læsi, leikur, samskipti, gleði, lýðræði, jafnrétti.

Lögð er áhersla á sjálfsaga; að börnin læri að fara eftir fyrimælum, hlusta sem hópur, hlusta og einbeita sér, klára verkefni og að vanda vinnubrögð sín. Lagt er upp úr gleði og samvinnu

Námsefni:

-  *Lífsmennt, Viðfangsefni í lífsgildum fyrir börn 3-7 ára, höfundar: Diane Tillman og Diana Hsu*
-  *Markviss málörvun, höfundar: Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve, Þorbjörg Þóroddsdóttir.*
-  *Lubbi finnur málbein, höfundar: Eyrún Ísafold Gísladóttir og Þóra Másdóttir*
-  *Tónlist í Leikskóla, höfundur: Sigríður Pálmadóttir*
-  *Hring eftir hring, höfundur: Elfa Lilja Gísladóttir*
-  *Leikskólalæsi, Verkefnabók, höfundar: Starfsfólk Kiðagils Akureyri*
-  *Lærum og leikum með hljóðin, Kennsluefni til málörvunar, höfundur: Bryndís Guðmundsdóttir*
-  *Umhverfisverkefni Landsverndar*
-  *Vináttuverkefni Barnaheilla*



4. Samantekt um starfsemi deilda

Klettur

Krókur

Kot

Tjarnarbrekka

Aldur 14 mán. – 3 ára	3 – 5 ára	5 – 6 ára	14 mán – 3 ára	3 – 5 ára	5 – 6 ára
Lífsmennt gildin eftir því sem við á og börnin hafa þroska til	Lífsmennt gildin eftir því sem við á og börnin hafa þroska til	Lífsmennt gildin eftir því sem við á og börnin hafa þroska til	Lífsmennt gildin eftir því sem við á og börnin hafa þroska til	Lífsmennt gildin eftir því sem við á og börnin hafa þroska til	Lífsmennt gildin eftir því sem við á og börnin hafa þroska til
Lært í gegn um leiki, söng og daglegt starf	Lært í gegn um leiki söng og daglegt starf	Lært í gegn um leiki, söng og daglegt starf	Lært í gegn um leiki söng og daglegt starf	Lært í gegn um leiki söng og daglegt starf	Lært í gegn um leiki, söng og daglegt starf
Flokkun og röðun (stærðfræði)	Flokkun og röðun og fl. Stærðfræði	Tölur og talnagildi, stærðfræði	Flokkun og röðun (stærðfræði)	Flokkun og röðun Stærðfræði	Tölur og talnagildi, stærðfræði
Málörvun, lestur, loðtöflusögur, þulur, söngur, orð með athöfn	Málörvun Lærum og leikum með hljóðin, orð með athöfn	Málörvun Lubbi Lærum og leikum Orð með athöfn	Málörvun, lestur, loðtöflusögur, þulur, söngur, orð með athöfn	Málörvun Lærum og leikum með hljóðin, orð með athöfn	Málörvun Lubbi Lærum og leikum Orð með athöfn
Samverustundir bjóða upp á sögur, söngva, leiki, þulur ljóð	Samverustundir bjóða upp á sögur söngva, leiki, þulur, ljóð, umræður og fræðslu	Samverustundir bjóða upp á sögur, söngva, leiki, þulur ljóð, umræður og fræðslu um umhverfið, líkamann, samfélagið, menningu	Samverustundir bjóða upp á sögur, söngva, leiki, þulur, ljóð	Samverustundir bjóða upp á sögur söngva leiki, þulur, ljóð umræður og fræðslu	Samverustundir bjóða upp á sögur söngva leiki þulur ljóð umræður og fræðslu um gildin, umhverfið, líkamann, samfélagið, menningu
Spil eftir getu	Spil, púsl, regluleikir	Spil, púsl, þrautir, regluleikir	Spil eftir getu	Spil, púsl, regluleikir	Spil, púsl, þrautir, regluleikir
Púsl eftir getu Sköpun	Sköpun tjáning	Sköpun tjáning	Púsl eftir getu Sköpun	Sköpun tjáning	Sköpun, tjáning
Söngur, tónlist, hlustun	Söngur, nýir textar, tónlist, hlustun	Söngur, flóknir textar, tónlist, hlustun, dans	Söngur, tónlist, hlustun	Söngur, nýir textar, tónlist, hlustun, dans	Söngur, flóknir textar, tónlist, hlustun, dans
Fín og grófhreyfingar, dans	Fín og grófhreyfingar. Íþróttahús gönguferðir dans	Hreyfing. Íþróttahús Gönguferðir, dans	Fín og grófhreyfingar, dans	Fín og grófhreyfingar Íþróttahús. Gönguferðir, dans	Hreyfing Íþróttahús. Gönguferðir, dans

Starfið miðast við þroska og getu og börnunum er mætt þar sem þau eru stödd



5. Ný viðfangsefni:

5.1. Gjörhygli (mindfulness) Gjörhygli er eiginleiki sem við búum öll yfir í mismiklum mæli, en hún er einnig eiginleiki sem við getum þjálfað. Að hafa hjartað heima.

Gjörhygli fjallar um athygli, að beita henni á ákveðinn máta. Við lifum hér og nú - án þess að fella dóma, án fyrirfram gefinna skoðana eða fordóma, heldur með því að sættast við það sem við finnum, skynjum, hugsum, heyrum eða sjáum. Til dæmis að setjast á stein úti í náttúrunni og hlusta, horfa og finna það sem í umhverfinu býr akkúrat nú. Að gefa sér tíma til að slaka á í dagsins önn, skynja og njóta. Farið verður í litlar æfingastundir þar sem öndun, kyrrð og einbeiting er viðhöfð. Stuðst verður við Handbók; *Gjörhygli í kennslustofunni*. Velliðan barna er mikilvæg og ljóst er að góð líðan er undirstaðan til náms og eðlilegs þroska þeirra. Það eykur lífsgæði að kunna að upplifa lífið eins og það er og njóta hvers andartaks því þau eru öll mikilvæg. Ávinningur sem talinn er vera að að iðka gjörhygli er að hún

- styður námsáhuga nemenda,
- eykur árangur í námi,
- eykur einbeitingu og athygli nemenda,
- minnkar líkur á prófkviða,
- eykur líkur á sjálfsskoðun og að nemendur nái að róa sig niður,
- styður alla samvinnu í kennslustofunni vegna aukinnar sjálfsstjórnar nemenda,
- gefur nemendum verkfæri til að minnka streitu ef þess þarf,
- bætir félagslega hæfni og tilfinningagreind,
- styður félagslegan þroska og heilbrigð samskipti og sambönd við aðra.²

5.2. Vináttuverkefni

Námskeiðsdagur 29. september var helgaður þessu nýja viðbótarefni tengdu Lífsmenntinni. Þetta verkefni kemur inn í Lífsmenntarstarfið og verður unnið með vináttu með börnunum.

Vináttuverkefnið er í samvinnu við Barnaheill. Vináttu, „Fri for mobberi“, er þróað og mótað af „Red barnet – safe the children“ og Mary Fonden í Danmörku og kom þar fyrst út árið 2007. Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og hvernig hægt er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Verkefnið verður kynnt á foreldrafundum í haust 2016. Verkefnið verður líklega aðallega unnið með 3, 4 og 5 ára börnum en að sjálfsögðu taka allir þátt. Eitt af grunnildum verkefnisins er hugrekki þ.e. að þora að láta til sín taka og geta sett sér mörk, vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti. Þetta gildi höfðar vel til okkar og mun leikskólinn gera það að sínu.

Umhverfisverkefni; Skóli á grænni grein og Grænfánaverkefni Umhverfisnefnd.



Á starfsmannafundi 1. september 2016 var ákveðið að vera með eina sameiginlega umhverfisnefnd næsta skólaár og verða deildarstjórar í nefndinni ásamt foreldri af hverri starfstöð. Nefndin komi saman sex sinnum á skólaárinu.

Elstu nemendur eru sjálfkrafa í umhverfisnefnd

² Hvert andartak skiptir máli; *Gjörhygli í skólastofunni*, eftir Brynhildi Fjólu Hallgrímsdóttur Handbók fyrir kennara, sótt 2. september 2016 af <http://skemman.is/stream/get/1946/6546/13927/1/Handb%C3%B3k.pdf> Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið Apríl 2010).

Klettur	Krókur	Kot	Tjarnarbrekka	Foreldrar
Guðrún	Sigga Dís	Halla	Lára	

Lífsmenntarnefnd.



Á starfsmannafundi 1. september 2016 var ákveðið að vera með eina sameiginlega lífsmenntarnefnd næsta skólaár og verða deildarstjórar í nefndinni ásamt foreldri af hverri starfstöð. Nefndin komi samar sex sinnum á skólaárinu. Elstu nemendur eru sjálfkrafa í Lífsmenntarnefnd

Klettur	Krókur	Kot	Tjarnarbrekka	Foreldrar
Guðrún	Sigga Dís	Halla	Lára	

Stefnt verður að því að reyna að sameina þessar nefndir í eina allsherjar lífsmenntar og umhverfisnefnd sem sjá mun um að efla og halda utan um þá málaflokka sem henni tilheyra hverju sinni.

Vinátta er gulls ígildi



6. Deildir:

A). Krókur

Nafn	Kennitala	Dvalartími	Komut.	Brottf.t.
Alexander Elí R Vikingur	2009123060	8,0	08:00	16:00
Alexander Nói Ásgeirsson	2511122230	8,0	08:00	16:00
Alexandra Líf Gunnarsdóttir	0910122430	8,0	08:00	16:00
Arnar Leví Gíslason	1908122000	8,0	08:00	16:00
Bartosz Kozuch	2309122700	8,5	07:45	16:15
Daniel Már Ólafsson	0903123240	8,0	08:00	16:00
Elma Lind Guðbjartsdóttir	1512122470	8,0	08:00	16:00
Fannís Fía Pálsdóttir	2704133310	8,0	08:00	16:00
Magdalena Krupa	2908123480	7,5	07:45	15:30
Óskar Elí Ísaksson	1704132370	8,0	08:00	16:00
Patrycja Parzych	0501122840	7,5	07:45	15:15
Sara Odchigue Ingólfssdóttir	1406123320	8,5	07:45	16:15
Seweryn Henryk Zoclonski	2505123250	8,5	07:45	16:15
Sigurrós Anna Thoroddsen	2807122130	8,5	07:45	16:15
Sæmundur Óli Davíðsson	2304133200	8,0	08:00	16:00
	Fjöldi: 15	Drengir: 8	Stúlkur: 7	

Hópastarfstímar

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Kl 9:15-10:15	Kl 9:15-10:15	Kl 9:15-10:15	Kl 9:15-10:15	Kl 9:00-9:15 (lengur á fagnaðarfundum)
Sköpun	Hreyfing	Málörvun	Val	Vínastund Fagnaðarfundir
Tjáning		Lubbi	Tölur og talnagildi	Dans Leiklist

Hópar

Sigga Dís	Jóhanna	Gígja
Sigurrós Anna	Óskar Elí	Magdalena
Fannís Fía	Arnar Leví	Alexander Elí
Alexander Nói	Elma lind	Daniel Már
Sæmundur Óli	Patrycja	Seweryn
	Sara	Alexandra Líf

B).KOT

1. Nafn	Kennitala	Dvalartími	Komut.	Brottf.t.
Arnór Atli Pálsson	0701112410	8,5	07:45	16:15
Brynjar Logi Sveinsson	2209113220	8,5	07:45	16:15
Emilía Ólöf Jakobsdóttir	1210112550	8,5	07:45	16:15
Friðþjófur Þorsteinsson	1405112420	8,5	07:45	16:15
Frosti Þór Ásgeirsson	0603112690	8,0	08:00	16:00
Hekla Margrét Eyjólfsdóttir	1605112300	8,5	07:45	16:15
Kacper Parzych	1606113750	6,5	07:45	14:15
Kári Stefan Pestana	0309112370	7,5	07:45	15:15
Ólafur Ingi B. Davíðsson	1612112300	8,5	07:45	16:15
Sæþór Ólafur Arnarson	2101113280	8,5	07:45	16:15
Tómas Bender Pálsson	1208113040	8,5	07:45	16:15
Þorsteinn Waage Ómarsson	1701112570	8,5	07:45	16:15
Fjöldi: 1	Dr: 10	Stúlkur: 2		

Hópar

Halla	Iwona	Dóra
Arnór Atli	Brynjar Logi	
Emilía Ólöf	Kasper	
Friðþjófur	Kári Stefan	Stuðningur
Frosti Þór	Ólafur Ingi	
Hekla Margrét	Sæþór Ólafur	
Tómas Bender	Þorsteinn Waage	

Hópastarfstímar

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Kl 9:15-10:15	Kl 8:15-10:30	Kl 9:15-10:15	Kl 9:15-10:15	Kl 9:00-9:15 (lengur á fagnaðarfundum)
Sköpun	Hreyfing	Málörvun Læsi Lubbi	Val	Vínastund Fagnaðarfundir Dans/ Leiklist/Útikennsla
Hádegistími				
Tjáning	Jóga/ Gjörhygli	Vínáttustund	Tölur og talnagildi	Tónlist Hlustun, verkefni
Útivera eftirhádegi	Útivera eftirhádegi	Útivera eftirhádegi	Útivera eftirhádegi	Útivera eftirhádegi

C). Klettur

Nafn	Kennitala	Dvalartími	Komut.	Brottf.t.
Adriana Snædís Liljud. da Silva	2304143190	8,5	07:45	16:15
Aría Matthea Guðbjartsdóttir	2301152140	8,0	08:00	16:00
Dagbjört Fjóla A. Pétursdóttir	1007142130	8,0	08:00	16:00
Dalrós Ása Erla Eyjólfsdóttir	2502142510	6,5	07:45	14:15
Einar Antoni Ostaszewski	3001153300	7,5	07:45	15:15
Heiðís Hera Pálsdóttir	1012142140	8,0	08:00	16:00
Inga Sól Ólafsdóttir	3110142180	8,0	08:00	16:00
Ívar Enok Sigurpálsson	1204142670	7,0	08:00	15:00
Sigurður Sean Gunnarsson	0406142060	8,0	08:00	16:00
Snæbjörn Tumi Siggeirsson	2808142290	8,5	07:45	16:15
Telma Bender Pálsdóttir	1106142840	8,5	07:45	16:15
Yara Gomes Carinhas	1104142340	7,5	07:45	15:15
Hjörtur Máni Friðbjörnsson	171114-2410	8,0	8:00	16:00
Matthea Ursinhilling	190515-	8,5	7:45	16:45
Elías Ýmir Davíðsson	3105152210	8,0	8:00	16:00
Aþena Guðbjartsdóttir	2301152220	8,5	7:45	16:15
Lena Bartkowiak	1302142070	7,5	7:45	15:15
Benedikt Björn	1612142130	8,5	7:45	16:15
Fjöldi 18	7 dr. 11 st.			

Hópar

Guðrún	Vala	Elenóra	Svandís
Adriana	Snæbjörn	Inga Sól	Einar
Ívar	Dagbjört	Hjörtur Máni	Aría
Dalrós	Telma	Einar	Aþena
Yara	Sigurður	Heiðís	Mathea
Lena			Elías

Endurskoðað eftir atvikum og breytt ef þarf

Dagskrá

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Kl 9:00-9:15 og stundum lengur	Kl 9:00-9:15 og stundum lengur	Kl 9:00-9:15 og stundum lengur	Kl 9:00-9:15 og stundum lengur	Kl 9:00-9:15 (lengur á fagnaðarfundum)
Málörvun Söngur og saga	Málörvun Söngur og saga	Málörvun Söngur og saga	Málörvun Söngur og saga	Vínastund Fagnaðarfundir
Útivera er fyrir hádegi	Útivera er fyrir hádegi	Útivera er fyrir hádegi	Útivera er fyrir hádegi	Dans Tónlist Útivera
Unnið í litlum hópum að sköpun og slíku ýmist fyrir eða eftir hádegi	Unnið í litlum hópum að sköpun og slíku ýmist fyrir eða eftir hádegi	Unnið í litlum hópum að sköpun og slíku ýmist fyrir eða eftir hádegi	Unnið í litlum hópum að sköpun og slíku ýmist fyrir eða eftir hádegi	Unnið í litlum hópum að sköpun og slíku ýmist fyrir eða eftir hádegi

D.Tjarnarbrekka

Nafn	Kennitala	Dvalartími	Komut.	Brottf.t.
Ásthildur Halla Hjaltadóttir	3112112260	8,5	07:45	16:15

Benedikt Garðarsson	2405112310	8,5	07:45	16:15
Elísa Lára Fannarsdóttir	1603122970	8,5	07:45	16:15
Eydís Hanna Bjarnadóttir	1412122650	8,5	07:45	16:15
Gunnar Nökkvi Elfarsson	2802112730	8,5	07:45	16:15
Helena Margrét Bjarnadóttir	0706112790	8,5	07:45	16:15
Helga Sóley Jónsdóttir	0801122620	7,0	08:00	15:00
Magnús Kristján Björnsson	1002152090	8,5	07:45	16:15
Matej Bilkovic	0407123990	8,5	07:45	16:15
Oskar Strandbakken Kristiansson	1211133920	8,5	07:45	16:15
Ottó Hrafn Valdimarsson	2303112180	8,5	07:45	16:15
Ólafur Fenrir Viktorsson	0811122900	8,5	07:45	16:15
Símon Nói Eiðsson	0809132300	8,5	07:45	16:15
	Fjöldi: 13	Drengir: 8	Stúlkur: 5	

Hópar

Lára	Ella	Rut
Gunnar Nökkvi	Magnús Kristján	Eydís Hanna
Ottó Hrafn	Símon Nói	Elísa Lára
Benedikt	Óskar	Helga Sóley
Ásthildur Halla		Matej
Helena Margrét		Ólafur Fenrir

Hópastarfstímar

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Yngri hópur				
Sköpun	Tónlist	Málörvun Læsi	Hreyfing Gönguferð	Vínastund Fagnaðarfundir
Eldri hópur				
Málörvun læsi	Sköpun	Læsi Tölur tálnagildi Tónlist	Hreyfing	Grunnskólaheimsókn
			Vínáttuverkefni Í hádegi	

7. Ferlið:

Uppbygging stundar, dæmi:

2. Heilsast
3. Verkefni dagsins
4. Uppbrot
5. Verkefni ef vill fer eftir tímalengd
6. Lok
7. Kveðja

8. Áhersluþættir: Lögð verður áhersla á lífsgildin, að læra þau og gera að sínu. Að eiga jákvæð samskipti, kurteis, snyrtimennsku, virðingu, þakklæti, samhjálpa, gleði og samvinnu

✚ Læsi. Lög er rík áhersla á læsi á fjölbreyttan hátt; að lesa í umhverfi sitt, að lesa í svipbrygði og rödd, að hlusta og læra texta, að skrifa nafnið sitt, fara með þulur, búa til sögur, og fleira og fleira. Einnig er lögð áhersla á málörvun og að nota orð með athöfn

✚ Frjáls leikur er í fyrirrúmi því börn á leikskólaaldri og lengur læra mest í gegn um leikinn

✚ Sköpun og tjáning er ríkur þáttur í starfinu. Þar er boðið upp á teikningu, litablöndun, málun, klippimyndir, leir og m. fl.

✚ Spil og púsl; að læra reglur og að klára eitthvað sem byrjað er á að sætta sig við að tapa og að gleðjast í hógværd og þakklæti við sigri

✚ Orð og mynd: Hvert barn í Koti fær „orðabók“; börnin velja sér orð og fá forskrift í bókina, þau skrifa síðan orðið eftir fyrirmyndinni og teikna mynd sem tengist því og lita.

9. Einnig er unnið með eftirfarandi:

1. Börnin skiptast á að þjóna til borðs eina viku í senn.

2. Veðurfræðingur dagsins gáir til veðurs.

3. Sögur og ljóð Sameiginlegar sögustundir eða sitt í hvoru lagi eftir efni og aðstæðum. Börnin læra texta og þulur.

4. Söngur og leikir Sameiginlegar söngstundir og börnin sjá um að velja þau lög sem þau vilja syngja í vinastund. Einnig er æft upp söngprógram fyrir foreldra og elstu börnin æfa söngva fyrir eldri borgara í desember.

5. Athygli: Að fara eftir fyrirmælum. Nemendur fá æfingu í að hlusta og fara eftir einföldum fyrirmælum.

6. Sjálfsagi og úthald: Nemendur fá æfingu í að klára verkefni sem hafið er og að vanda sig.

✚ Hreyfimáti: Hægt, hratt, hægara, hraðara, fljótt, upp, niður, undir, yfir, í gegn um, áfram, aftur á bak, til hliðar, í kringum, á móti, í burtu, burt, fjarlægjast, nálgast.

✚ Yfirheiti/samheiti: Ávextir, grænmeti, hljóðfæri, farartæki, gróður, villt dýr, húsdýr, gæludýr, leikföng, hnífapör, húsgögn, vefkæri. Og svo aftur sérheiti. 😊

✚ Heiti líkamshluta: Líkami, húð, herðar, augabrún, augasteinn, augnahár, enni, hnakki, brjóstkassi, mitti, handarbak, lófi, læri, kálfi, olnbogi, fótleggur, handleggur, úlnliður, ökli, þumalfingur, vísifingur, langatöng, baugfingur, litlifingur

- ✚ **Tímahugtök:** Nú, áður, áðan, eftir, seinna, morgunn, hádegi, fyrir hádegi, í fyrramálið, kvöld, dagur, nótt, vika, (heiti og röðun vikudaganna), mánuður, (heiti og röðun mánaðanna), ár, árstíð, (heiti og röðun árstíðanna).
 - ✚ **Andstæður:** Fyrst - síðast, bjart - dimmt, blautur - þurr, fullur - tómur, ljós - dökkur, harður - linur, þungur - léttur, líkur - ólíkur, eins - mismunandi, breiður - mjór, hár - lágur, elstur - yngstur, eldri - yngri, þykkur - þunnur, fljóta - sökkva.
 - ✚ **Sjónræn hugtök:** Lína, punktur, horn, hlið, kross, brún, kantur, strik, ör.
 - ✚ **Form:** Hringur, kringlóttur, þríhyrningur, þríhyrndur, frehyrningur, ferhyrndur, ferkantaður, teningur, tígull, hjarta, stjarna, oddmjór, keila, trabissa, lauf, ávalur, sporöskjulagaður.
- 7. Fínhreyfingar**
- ✚ Klippa og líma
 - ✚ Leira
 - ✚ Mála
 - ✚ Teikna
 - ✚ Perla
- 8. Tónlist:** Unnið með undirstöðuatriði tónlistar og boðið upp á hlustun og tjáningu. Tónstiginn, hrynn, taktur, blær, styrkur. Vonast eftir að geta einnig boðið upp á dans.

Elstu nemendur:

Unnið er í vinnubók að hluta og stuðst meðal annars við efni á skólavef og fleiri verkefnabækur

Nemendur teikna sjálfir sína forsiðu og merkja. Efni: ég sjálf/ur

1. Tölur og talnagildi

Nemendum boðið að teikna upp einn tölustaf í einu. Síðan er gildi tölunnar nálgast með því að teikna jafn marga hluti á blaðið og talan stendur fyrir. Þá er (eftir forskrift) skrifað heiti tölunnar í bókstöfum og farið í ýmsa leiki sem tengjast efninu.

2. Bókstafirnir og hljóðin

Innlögn á einum til tveimur bókstöfum eftir atvikum og þeir ræddir og farið í hvað þeir segja, (hljóðin sem þeir tákna). Þeir bókstafir sem geta sagt nafnið sitt (sérhljóðar), eru litaðir rauðir en samhljóðar grænir.

Myndin er lituð og lögð áhersla á að vanda sig og klára verkefnið.

3. Málörvun læsi. Unnið er meðal annars:

Rím	Samstöfur	Hljóðgreiningu	Margræð orð
Hljóðtengingu	Samsett orð	Orðhlutaeyðingu	Andheiti
Samheiti	Orðbygging	Stafir/ tákn	

4. Form og litir

Nemendum er boðið að blanda liti og kynnast litablöndun. Einnig að kynnast grunnaðferðum í að mála og unnið með málverkið á ýmsan hátt. Lagt verður síðar fram verkefni sem er lokaverkefni í myndsköpun elstu barna. Þar er ætlunin að mála á striga.

5. Unnið er einnig með nemandann sjálfan og fjölskylduna:

- ✚ Hvað heiti ég?
- ✚ Hvenær á ég afmæli?

- ✚ Hvar ég heima?
- ✚ Hvert er símanúmerið heima hjá mér?
- ✚ Hvað heita foreldrar mínir og ef til vill systkyni.
Nemandi fær lykil þegar hann hefur náð þessum lið.

6. Hugtök:

- ✚ **Fjöldahugtök:** Nokkrir, margir, fáir, flestir, fæstir, fleiri en, færri en, jafnmargir, tölughugtökin (1 – 5). Romsutalning (1 – 20), raðtölurnar, (fyrsti annar þriðji)...
- ✚ **Stærðarhugtök:** Stór, lítill, stærstur, minnstur, stærri en, minni en, stuttur, langur, miðstærð, heill, hálfur, hæstur, lægstur.
- ✚ **Afstöðuhugtök:** Á, í, ofan á, ofan í, fyrir framan, fyrir aftan, í miðjunni, á milli, fyrir ofan, fyrir neðan, fyrir utan, fyrir innan, við hliðina á, efst, neðst, nálægt, næst við, langt frá, hlið við hlið, í röð, fyrstur, síðastur, næst fremstur, næst síðastur, fremst, aftast, framan á, aftan á, hérna megin, hinu megin, yfir, undir, (hægri, vinstri).

7. Tíminn:

Búin til klukka og skoðað hvernig sólarhringurinn er, hádegi miðnætti, hvenær við komum í leikskólann og hvenær við förum heim og fl.

- ✚ Læra á klukku (ekki aðalatriði)
- ✚ Gera vikudagatal
- ✚ Læra vikudagana
- ✚ Læra mánaðaheitin
- ✚ Ræða árstíðirnar

8. Náttúran:

Nemendur velja sér vifangsefni og vinna lítið verkefni út frá því. Náttúruöflin: vindur, vatn, haf, land, frost, snjór, hiti, tungl, flóð, fjara, sól, jóstillífun.

9. Samvinna við foreldra:

Við höldum áfram með uppáhaldsbókina og leynihljóðið og bætum við leiknum „Skapandi hugsun“: spurningu mánaðarins til að byrja með og ef vel gengur þá verða spuningarnar oftar.



Krókur og miðhópur á Tjarnarbrekku

Á Króki er unnið að sömu námsþáttum á svipaðan hátt og í Koti nema að verkefni og kröfur eru miðaðar við aldur og þroska barnanna. Tímalengd í verkefnavinnu er styttri og verkefni einfaldari. Lögð er ághersla á orð með athöfn og mikið sungið og lesið fyrir börnin. Að hafa gaman og gleðjast með öðrum

Klettur og yngsti hópur á Tjarnarbrekku

Á Kletti er lögð áhersla á að nálgast námsþættina gegn um frjálsa leikinn, söng og sögur og að bjóða upp á áhugavekjandi umhverfi og efnivið. Orð með athöfn er aðalsmerki deildarinnar og umhyggja, nám, leikur og gleði stjórna för.

Mat og próf:

Íslenski þroskalistinn er lagður fyrir 3-4 ára börn. Hann er viðurkennt skimunartæki þar sem foreldri metur þroskastöðu barns síns og ef grunur um frávík kemur upp er rætt við foreldrið og eftir stvikum fengið mat sérfræðinga og gripið til snemmtækra íhlutunar ef þörf er talin á.

HLJÓM-2 próf verður lagt fyrir börnin í haust og síðan aftur næsta vor. Það er próf í leikjaformi og er lagt fyrir leikskólabörn sem eru á seinasta ári á 1. skólastiginu. Það er talið hafa forspárgildi um framvindu lestrarnáms barna. Ef útkoma úr hljóM-2 prófi gefur vísbendingu um að barn geti átt í lestrarvanda er rætt við viðkomandi foreldra um hvaða leiðir eru færar til að bæta stöðu barnsins. Síðan er prófað aftur í janúar og í maí til að fylgja málum eftir.

Einnig er könnuð „sjónræn stafabekking“ að hausti, í janúar og næsta vor. Er það þáttur í læsisstefnu leikskólans og gert til að kanna stöðu barnanna og finna þætti sem þarf hugsanlega að efla.



Fylgiskjal 1. Til glöggvunar Efni frá Ísmennt fengið að láni

Námssvið

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

Hreyfing

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Leikir, sem reyna á líkamann, veita barni útrás.

Börn eru sífellt á hreyfingu og þau fara fljótt að tjá sig með hreyfingum. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, snerpu og þol. Barn skynjar líkama sinn og nær smám saman betri stjórn á hreyfingum sínum. Í hreyfileikjum öðlast barn skilning á styrk sínum og getu og sjálfstraust þess vex.

Samhæfing hreyfinga, jafnvægi og öryggi barnsins eykst.

Í hreyfileikjum lærir barn að meta aðstæður. Það lærir að velja, hafna og þora. Leggja ber áherslu á að barnið læri ýmis stöðuhugtök og að átta sig á rými, fjarlægðum og áttum. Ýmsir hlaupaleikir reyna verulega á þrótt barnsins og úthald, örva hjartslátt og blóðrás. Í hvíld og slökun í lok slíkra leikja skynjar barn muninn á spennu og slökun. Með því að fylgjast með hreyfingu barns sér leikskólakennari þroska þess og framfarir.

Útivera

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Í útiveru komast börn í snertingu við náttúruna, þau skynja nánasta umhverfi sitt og læra að meta það. Utan dyra geta börnin leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Þar geta þau hlaupið, hoppað, stokkið og klifrað. Leikvöllir leikskóla eiga að vera vel fallnir til alls konar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra.

Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Sameiginlegt tungumál — móðurmálið — tengir fólk saman og eflir samkennd þess. Tungumálið er snar þáttur í menningu þjóða og þjóðarbrotá. Móðurmál okkar og bókmenntaarfur tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð. Því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtöllum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Málörvun á að flétta inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins. Einkum á að nota leikinn í þessu skyni en ótal aðrar stundir í dagsins önn eru vel fallnar til málörvunar.

Samtöl

Hvetja á barnið til að segja frá atburðum og öðru sem því er hugleikið og þá skal hlustað af athygli. Samræður, sem byggjast á opnum spurningum þar sem svarið krefst íhugunar, örva gagnrýna hugsun. Hvetja þarf börn til að færa rök fyrir máli sínu. Börn spyrja oft heimspekilegra spurninga. Ein spurning vekur oft upp aðra. Ber að hlusta vel á svör barna og hugleiðingar. Samræðuaðferð, sem notuð er í „barnaheimspeki“, á vel við í leikskólastarfi. Nauðsynlegt er að gæta þess að sérhverju barni gefist kostur á að leggja eitthvað til málanna.

Barnabækur, sögur og ævintýri

Barnabækur eru ómissandi í leikskólastarfi, bæði til málörvunar og til að miðla fróðleik og reynslu. Bækur þurfa að vera hluti af daglegu umhverfi barna til að þau læri að njóta þeirra. Í leikskóla ber að leggja ríka áherslu á að lesa fyrir börn efni sem hæfir aldri þeirra og þroska. Einnig skal segja börnum sögur og ævintýri frá eigin brjósti. Það er persónulegt tjáningarform sem nær oft athygli barna betur en upplestur úr bók. Sögumaður er í nánari tengslum við börnin og frásögnin er oft meira lifandi en þegar lesið er.

Þegar lesið er fyrir barn þjálfast það í að hlusta og því skal gefið tækifæri til að ræða um atburði og persónur sögunnar. Sögur geta og hjálpað barni til að skilja tilfinningar sínar og annarra.

Heimsóknir eldri barna á bókasöfn ættu að vera fastur liður í lífi leikskólabarna. Þá kynnast þau veröld bóka, hvernig hægt er að fá bækur að láni og að þeim verður að skila aftur.

Orðaforði, lestur og ritun

Hjá barni vaknar fljótt áhugi á rituðu máli og síðar fyrir lestri og skrift. Í leikskóla ber að skapa umhverfi sem hvetur barn til þess að kanna leyndardóma ritaðs máls og vekur löngun þess til að læra að lesa og skrifa.

Fyrstu kynni barns af rituðu máli hefjast oft í leik þess. Margs konar leikir og leikföng í leikskóla búa barnið á eðlilegan hátt undir að læra að lesa og skrifa. Ýmsir samtengingar-, röðunar- og tölvuleikir skerpa formskyn barnsins og leikir með rím, tóna og takt auka hæfni þess til að greina hljóð. Smám saman lærir barn heiti bókstafa, það áttar sig á lestrarátt og að orð eru

búin til úr hljóðum sem það þekkir. Það fær áhuga á texta bóka og tengir hann við talmálið. Þessi áhugi vex eftir því sem líða fer á leikskólaaldur.

Ýmsir leikir barna, eins og að handfjatla og skoða bækur, nota blýanta og liti og að lesa og skrifa í „þykjustunni“, fela í sér hvatningu til þess að læra að lesa og skrifa.

Gera á ritað mál áberandi í leikskóla, t.d. með því að skrifa nafn barns með prentstöfum við mynd þess, skrá frásögn þess og lesa hana síðan fyrir barnið. Skilst því þá betur að skrifaður texti er tákn fyrir talmál og geymir frásögnina. Er það börnum hvatning til að læra að lesa.

Orðaforði og hugtök

Barn fær frumreynslu sína af hugtökum, sem tengjast stað, stærð og tíma, í mörgu sem lýtur að daglegu lífi. Þessi fyrirbæri og hugtök, sem þeim tengjast, eru tekin hér sem dæmi um eflingu orðaforða barna og skilning þeirra á hugtökum. Barn nemur þessi hugtök af ýmsu í daglegu lífi sínu. Það fer smám saman að skilja tímaröð og tímahugtök og læra orð yfir þau. Dagskipulag leikskólustarfs felur í sér reglubundna tímaröð starfsþátta. Vekja ber áhuga og athygli barnsins á skiptingu tíma í klukkustundir, daga, vikur, mánuði og ár. Barn kynnist klukkunni í sambandi við tímaröðun starfsþátta, það kynnist dagatalinu, heitum daga og viku- og mánaðaskiptingu og það kynnist árstíðaskiptum af breytingum í veðurfari.

Nota má margvísleg tækifæri, t.d. í hreyfileikjum, byggingarleikjum og myndgerð, til þess að efla hugtakaskilning barns á ýmsu er lýtur að fjölda, magni, þyngd, hæð, lengd og breidd. Barn gerir sér smám saman gleggri grein fyrir rými og rúmtaki hluta og efna og lærir orð yfir þau.

Myndsköpun

Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli. Frjáls og skapandi myndgerð barna, eins og t.d. teikningar, mótast af þroskastigi þeirra, reynslu og uppvaxtarskilyrðum. Skapandi myndmótun eflir sjálfstraust barnsins.

Í leikskóla á að veita barni fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í myndum og margs konar mótanlegum efnum. Barn þarf að kanna ýmiss konar efni, kynnast eðli þeirra og eigindum og gera frjálslegar tilraunir. Það þarf að æfast í að samhæfa auga og hönd, þjálfra fínhringir og að læra að nota einföld tæki og verkfæri. Barn nýtur þess að skapa og sjá hverju það fær áorkað. Það sér reynslu sína og skapandi afl birtast í teikningum, smíðisgripum o.fl. Í sköpunarstarfinu þroskar barn með sér einbeitingu, æfist stig af stigi við að leysa æ flóknari verkefni. Það lærir að miðla hugmyndum sínum og tilfinningum til annarra með myndum og ýmiss konar táknum.

Börn eiga auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í myndsköpun, t.d. í teikningum, mótun í leir eða á annan hátt. Sköpunarþörf barna er mikil, þau teikna, mála og móta frjálst eftir eigin hugmyndum á sinn sérstæða hátt. Í myndgerð þeirra kemur fram ýmist það markverðasta í reynslu þeirra og það sem þeim er hugleikið. Megináherslu ber að leggja á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í alhliða þroska barna. Ber því að ýta undir sjálfstæða myndsköpun en forðast að láta öll börn vinna eins.

Leikskóla ber að sjá barni fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina því og örva til sjálfstæðra verka. Barni þarf að ætla góðan og samfelldan tíma og aðstöðu til myndsköpunar. Við myndsköpun í hópi gleðst barnið með félögum sínum yfir sameiginlegu verki.

Að skynja og skilja list er hæfileiki sem þróast með barninu. Leikskólinn á að sjá til þess að barnið komist í kynni við ýmiss konar listaverk og listiðnað. Lærdómsríkt er fyrir barn að fara á listsýningar og listasöfn og heimsækja jafnvel vinnustofur lista- og listiðnaðarmanna. Slíkar ferðir þarf að undirbúa vel svo að barnið geti notið þeirra undir leiðsögn.

Leikskólakennari þarf að vera vakandi fyrir tækifærum í umhverfinu sem geta orðið kveikja að myndverkum barna. Hann þarf að vera hugmyndaríkur gagnvart fjölbreytilegum efnivið og skapa skilyrði til þess að hægt sé að nýta sér hann. Leikskólakennari verður að vera reiðubúinn að taka þátt í sköpunarferlinu með barninu og gleðjast með því.

Tónlist

Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eiga að vera söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa. Leitast skal við að flétta tónlist inn í sjálfsprottinn leik barns, flétta þar saman hljóð, hrynjandi og hreyfingu.

Í tónlistaruppeldi leikskóla á að stuðla að því að barn þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi

frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist

Söngur

Í leik syngja börn, hjala, söngla og raula af einskærri ánægju og lífsgleði. Mikilvægt er að veita þessum sjálfsprottna söng og söngli barna eftirtekt og örvun. Börn hafa einnig mikla gleði af alls konar spunasöng sem tengir þau saman í áhugahóp og hópsöngur eykur samkennd barna. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lagaval sem hæfir söngrodd barna og þroska og texta sem vekja áhuga þeirra. Enn fremur ber að huga að skapandi þætti söngs. Hvetja á börn til að syngjast á,

þ.e. að „tala saman“ í tónum. Þau gera það oft sjálfkrafa í leik sínum og samskiptum. Einnig á að örva börn til tónsmíða.

Hreyfing og hrynjandi

Barn tengir oft hljóð og tóna við reglubundnar líkamshreyfingar, það hreyfir sig eftir tónlist, snýr sér í hringi, ruggar sér og hoppar. Barni er eðlilegt að tengja raddhljóð við hreyfingu og hrynjandi. Margs konar hreyfingar barns í leik koma því til að söngla og syngja. Hvetja skal barn til frjálsrar túlkunar og skapandi hreyfinga þar sem það tjáir tilfinningar og hughrif sem tónlistin vekur.

Með samleik tóna og hreyfinga nemur barn grunnatriði tónlistar. Barn getur lýst með hreyfingum mismunandi tónlengd, tónhæð, blæ, styrk og formi þeirrar tónlistar sem það heyrir.

Hljóðgjafar og hljóðfæri

Barn skynjar smám saman og greinir margvísleg hljóð úr umhverfi sínu og breytileika þeirra. Það lærir að skynja hæð, lengd og styrk hljóðs í leik með hljóðgjafa. Með aukinni reynslu og hvatningu fer barn að hlusta betur og vinna úr tónlistarreynslu sinni.

Ýmsa hljóðgjafa er hægt nota í tónlistaruppeldi barna. Barn þarf að hafa aðgang að margbreytilegum hljóðfærum og leggja ber áherslu á hljómgæði þeirra. Sögur og ævintýri öðlast meira líf þegar hljóðfæri eru notuð til að túlka ýmsar persónur sögunnar. Leikur barna á hljóðfæri verður að byggjast á áhuga þeirra og löngun til að gera tilraunir með hljóð og tjá sig með þeim.

Hlustun

Hluti tónlistaruppeldis er að hlusta á margvísleg hljóð. Barn kannar hljóðheim sinn, hlustar á umhverfið og náttúruna. Í leikskóla er nauðsynlegt að leggja áherslu á virka hlustun barna. Vekja þarf athygli þeirra á ýmsum hljóðum í náttúrunni, t.d. fuglakvaki, árnið og brimhljóði, svo og alls konar hljóðum í umhverfinu eins og fótataki barna og fullorðinna. Börn þurfa að læra að hlusta, ekki einungis að horfa á. Markviss hlustun hjálpar barni að skilja tónverk og greina hugblæ þess. Einnig lærir það að hlusta eftir og greina mynstur, hendingar og stef. Þegar barn fær næg og síendurtekin tækifæri til að hlusta á tónlist, hvort heldur er lifandi tónlist eða af hljómdiskum, gerir það sér brátt grein fyrir mismunandi eigindum tónlistarinnar. Barnið lærir smám saman að greina sundur ýmis hljóðfæri, þekkja hljóðblæ þeirra og nafngreina þau. Mikils er um vert að börn hafi aðstöðu til að hlusta á tónlist á eigin forsendum.

Náttúra og umhverfi

Lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa er háð náttúrunni og náttúruöflunum. Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er því manninum lífsnauðsynleg. Auk þess er náttúran stöðugt undrunarefni. Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Reynsla barns af náttúrunni fléttast iðulega inn í leik þess og myndsköpun.

Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun, umgengni um náttúruna og fleira.

Tengsl barns og náttúru

Leikskólakennara ber að fara í náttúruskoðunarferðir með börnunum. Börn eru næm og taka vel eftir hinu smáa í umhverfinu, þann áhuga ber að nýta. Fjölbreytileiki náttúrunnar er óendanleg uppspretta nýrra hugmynda, leikja, viðfangsefna og athugana.

Úti í náttúrunni kannar barnið ýmis fyrirbæri, skoðar og gerir tilraunir. Það leitar tengsla milli ólíkra fyrirbæra og lærir að draga ályktanir af þeim. Fylgjast skal vel með áhuga barnsins og vinna síðan frekar úr athugunum þess á ýmsa vegu. Nauðsynlegt er að hlusta vel á spurningar barnsins um náttúruna og hvetja það til að kanna fyrirbærin sjálft og leita svara við spurningum sínum.

Náttúrugripir, tæki og tilraunir

Helga má náttúru og vísindum svæði í leikstofu og koma þar fyrir ýmsum náttúrugripum, efnum og tækjum sem börn geta leikið sér með og notið sér til fróðleiks og ánægju, t.d. ýmsum dýrum og steinum. Æskilegt er að börn komi sjálf með hluti í leikskólann sem þau hafa fundið, t.d. leggi, kjálka, horn og ýmiss konar bein sem fyrrum voru leikföng barna.

Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna. Í leikskóla eiga því að vera ýmis tæki í þessu skyni. Barn nýtur þess að sjá t.d. hvernig hlutir festast við segulstál, stækkunargler gerir lítinn hlut stóran og hvernig hitamælir stígur og hnígur. Tilraunir með vatn, heitt og kalt, eru í senn skemmtilegar og lærdómsríkar. Þannig öðlast barn smám saman skilning á náttúrunni og ýmsum fyrirbærum hennar.

Menning og samfélag

Barn kynnist smám saman því samfélagi sem það lifir í. Leikskólar eru í mismunandi umhverfi í atvinnulegu, félagslegu og menningarlegu tilliti eftir því hvar þeir eru — í borg eða bæ, við sjó eða í sveit. Leikskólastarf á hverjum stað mótast eðlilega af þessum ytri skilyrðum. Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á.

Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði, eru úr ólíkum fjölskyldugerðum og eru af ólíku bergi brotin. Ber leikskóla að taka tillit til þess í starfi sínu og skólanámskrágerð og efla með því tilfinningu sérhvers barns fyrir því að það tilheyri samfélaginu og sé hluti af því. Margvísleg samskipti við starfsemi utan leikskólans geta verið hluti þessarar viðleitni.

Ferðir — nágreinnið

Börn fá snemma áhuga á nánasta umhverfi sínu og því sem þar fer fram. Þau eru forvitin og eftirtektarsöm. Áhuga þeirra og eftirtekt ber að efla og víkka áhugasvið þeirra og sjóndeildarhring með skoðunarferðum í nágreinni leikskólans og með margvíslegum heimsóknum í þjónustu- og menningarstofnanir.

Vel þarf að nýta umhverfi leikskóla til gönguferða, leikja, náttúruskoðunar og hvers konar rannsókna. Í þessum ferðum fá börnin smám saman aukna tilfinningu fyrir vegalengdum og þær styrkja tengsl þeirra og skilning á samfélaginu og menningu þess.

Leggja þarf áherslu á reglur sem gilda um umferð og að gæta varúðar á götum. Börn þurfa að kynnast umferðinni og læra hegðunar- og umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til. Þetta stuðlar að auknu öryggi þeirra og réttum viðbrögðum í umferðinni.

Tölvur

Tölvur verða æ ríkari þáttur í daglegu lífi manna: í starfi, námi og í tómsundaiðju. Barn í leikskóla þarf að kynnast tölvu og læra að nota hana á sinn hátt. Tölvur skulu því vera í leikskólum, t.d. í leikstofu þar sem hljóðlátir leikir fara fram, í námunda við bóka- og leshornið. Þar gefast tækifæri til samræðna og samleiks í friði og ró.

Val á forritum skal taka mið af uppeldisstefnu leikskólans. Forrit, sem krefjast ekki einungis vélrænna viðbragða heldur nokkurrar umhugsunar, henta best. Leggja ber áherslu á samstarf

barna í tölvuvinnu því að þar eru þau fús að þiggja ráðleggingar og hjálp frá félögum sínum og deila reynslu með þeim. Örva skal barnið til sjálfstæðra vinnubragða, að það reyni sjálft og prófi ýmsar leiðir. Leita skal hæfilegs jafnvægis milli stúlkna og drengja í leik með tölvu. Aðeins hluti barna hefur aðgang að tölvu á heimili sínu. Tölvunotkun barna í leikskólum er því einnig til að jafna uppeldisskilyrði þeirra. Því þarf að gæta þess að öll börnin vinni með tölvu.

Hátíðir og hefðir

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum en einnig á ýmsan hátt í leikskólum. Þennan menningararf þarf leikskólinn að styðja við og börn að læra að virða. Styrkir það þjóðarvitund þeirra.

Ýmsa atburði líðandi stundar ber einnig að taka til umfjöllunar í leikskólum með ýmsum hætti. Í leikskólum eru jafnframt sérstakar hefðir ríkjandi sem gefa tilefni til hátíðar, eins og til dæmis á afmæli barns.

Samskipti við aðrar þjóðir

Ísland er þátttakandi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða. Áhugi barna á öðrum þjóðum vaknar snemma og ber að efla þann áhuga. Samskipti og tengsl milli þjóða og ólíkra menningarsvæða verða æ tíðari og nánari. Með auknum samgöngum, ferðalögum og flutningum fólks milli landa og heimsálfna eykst þekking barna um líf fólks á fjarlægum slóðum. Opinberar heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja eða þekkra manna gefa tilefni til að fræða börnin um viðkomandi land og þjóð.

Ár hvert hvetja Sameinuðu þjóðirnar til ýmissa alþjóðlegra viðfangsefna, t.d. „Ár hafsins“ og „Ár trésins“. Vinna með slík þemaverkefni eykur skilning barna og ábyrgðarkennd. Sameiginleg baráttu- og áhugamál auka samkennd þjóða.

Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða. Þótt þjóðir heims séu ólíkar í siðum og háttum eiga þær að geta lifað saman í sátt og samlyndi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða. Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð eru.³

Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir

³ Sótt 22/8 2016 af <http://www.ismennt.is/vefir/namskra/l/namssvid.htm>